

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

Á árinu 1957 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., með þessum hækkunum:
- Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
  - Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.
- B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

Á árinu 1957 skal innheimta og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkvæmt tollskrá og hækkunum samkvæmt þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, frestað til ársloka 1957.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A- og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10 — 1—7,	korn, ómalað.
—	11 — 1—12,	mjöl og grjón.
—	17 — 1—6,	sykur.
—	22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 — 1—9,	tóbak.
—	25 — 10,	salt.
—	27 — 1—4,	kol.
—	— — 14,	steinolia.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1957 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:

- Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
- Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér framlengingu á ákvæðum laga nr. 93 1955 með breytingum, sem gerðar voru á þeim með lögum nr. 3 29. jan. 1956, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, um að í stað 250% álags í A b-lið 1. gr. laga nr. 93/1955 skuli innheimta 340% álag á vörumagnstoll, og að í stað 45% álags í B-lið 1. gr. sömu laga skuli innheimta 80% álag á verðtoll.

Þá er tekið upp í frumvarp þetta ákvæði um að innheimta skuli og greiða í sérstakan sjóð 1% af aðflutningsgjöldum, en sjóður þessi verði notaður til þess að standa undir kostnaði við byggingu tollstöðva í Reykjavík og annars staðar á landinu, þar sem þörf er fyrir húsnæði handa tollgæzlunni.

Er jafnframt frestað á árinu 1957 framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit, en í þeirri grein er ákveðið, að 1% af umræddum gjöldum skuli leggja í sérstakan sjóð í þessu skyni, en það mundi rýra tekjur ríkissjóðs, er þessu nemur. Á hinn bóginn er hér lagt til, að 1% gjaldið verði innheimt aukalega, svo komizt verði hjá að skerða tekjur ríkissjóðs. Var og mál þetta upphaflega lagt fyrir Alþingi með þeim hætti.